

**REGLUGERÐ**  
**um gildistöku reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1703**  
**að því er varðar alþjóðlega reikningsskilastaðla,**  
**IFRS-staðla 10 og 12 og IAS-staðal 28.**

1. gr.

Eftirfarandi reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB), sem vísað er til í lið 10ba í XXII. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sam-eiginlegu EES-nefndarinnar nr. 253/2016, frá 2. desember 2016, um breytingu á XXII. viðauka (Félagaráttur) við EES-samninginn, skal öðlast gildi hér á landi með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af XXII. viðauka samningsins, bókun 1 um altæka aðlögun og öðrum ákvæðum samnings-ins:

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1703 frá 22. september 2016 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1126/2008 um innleiðingu tiltekinna alþjóðlegra reikningsskilastaðla í sam-ræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 að því er varðar alþjóðlega reikningsskilastaðla, IFRS-staðla 10 og 12, og alþjóðlegan reikningsskilastaðal, IAS-staðal 28.

2. gr.

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1703 er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi ESB, nr. 10/2017, 16. febrúar 2017, bls. 270.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 1. mgr. 127. gr. laga nr. 3/2006, um ársreikninga, skal gilda fyrir félög sem skylt er að eða nýta sér heimild til að semja ársreikninga sína og samstæðu-reikninga í samræmi við innleidda alþjóðlega reikningsskilastaðla, öðlast þegar gildi.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 17. febrúar 2017.*

F. h. ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra,

**Sigrún Brynja Einarsdóttir.**

*Harpa Theodórsdóttir.*

---

B-deild – Útgáfud.: 24. febrúar 2017